



Vopnaskak 2022

Dagskrá og helstu upplýsingar



Mánudagur 4. júlí

13:00-14:30 Dansnámskeið hjá Urði í félagsmiðstöðinni

Bílar og Vélar bjóða krökkum sem voru að klára 1.-8. bekk á dansnámskeið hjá Urði. Skráning hjá Urði á valkyrjadanslist@gmail.com.



Dagskrá í íþróttahúsinu í boði Steineyjar

Steiney býður krökkum og foreldrum í íþróttahúsið – ávextir og drykkir fyrir börnin!

14:00-15:00 Búningaíþróttaskóli fyrir börn á leikskólaaldri.

16:00-16:40 Tarzan fyrir börn á aldrinum 6 – 8 ára.

16:40-17:20 Tarzan fyrir börn á aldrinum 9 – 12 ára.

16:15 Boccia í Miklagarði

Eldri borgarar mæta meistaraflokkum Einherja í Boccia. Aðrir áhugasamir eru einnig hvattir til að mæta og taka þátt!

16:00 Workshop með Berglaugu og Söru Rut – gamalt verður nýtt!

Berglaug og Sara Rut verða með workshop fyrir krakka á aldrinum 12-16 ára þar sem börnin eru hvött til að gefa gömlum hlutum nýtt líf með ýmsum hætti, eftir þeirra eigin höfði og á sínum tíma. Myndlist – ljósmyndun – myndbönd – smíði – skúlptúrar, hvað sem er! Skráning og frekari upplýsingar hjá Fanney Björk í skilaboðum eða í síma 858-1076.



20:00 Jeppaferð í Heiðina með Björgunarsveitinni Vopna

Farið verður frá Vogabúð. Eina skilyrðið er 4x4 jeppar. Skráning hjá Guðjóni Óla í síma 663-7178.



Þriðjudagur 5. júlí

13:00-14:30 Dansnámskeið hjá Urði í félagsmiðstöðinni

15:00-17:00 Fjölskyldukaffihús í Miklagarði

Barnvæn kaffihúsastemning í Miklagarði með áherslu á afþreyingu fyrir börnin.

16:00 Workshop með Berglaugu og Söru Rut – gamalt verður nýtt!

16:30 Söngur og spil á safnasafninu Glaðheimum

Guðný Alma og Erla spila og syngja fyrir gesti, aðgangseyrir 500kr og hægt að kaupa allt það vinsælasta úr Runabúð. Mikilvægt að mæta með lausafé.

18:00 Gönguferð

Gengið Nýpshálsinn og yfir í Selárlaug. Skráning hjá Fanney s. 8581076

Miðvikudagur 6. júlí

13:00-14:30 Dansnámskeið hjá Urði í félagsmiðstöðinni

15:00 Fjölskyldu sundpartý í boði Mælifells í Selárlaug

Mælifell býður í fjölskyldusundpartý í Selárlaug. Tónlist og vatnsbyssur, boltar og ís! Endilega mætið með eigið sunddót í fjörið!



16:00 Workshop með Berglaugu og Söru Rut – gamalt verður nýtt!

17:00 Förðunar- og húðumhirðunámskeið með Elísabetu og Viktoríu

Systurnar fara yfir allt það helsta í förðun og húðumhirðu. Aðgangseyrir 3500kr. Skráning í skilaboðum til þeirra eða í síma 780-1860 (Elísabet)



17:00 Golfmót Golfklúbbs Vopnafjarðar á Skálavelli

Leikið verður með Texas Scramble fyrirkomulagi, skráning á Golfbox eða hjá Baldvini í s. 898-6304

21:00 Barsvar Einherja

Barsvar Einherja verður í Miklagarði, húsið opnar 20:30 og miðaverð 1500 á mann.

Fimmtudagur 7. júlí

09:00-10:30 Dansnámskeið hjá Urði í félagsmiðstöðinni

13:00-16:00 Opin sýning hestamannafélagsins Glófaxes og krakkadagur

Krakkadagur og sýning bæði barna og fullorðinna í hesthúsaferfinu, Norður Skálanesi.

Krakkadagurinn byrjar 13:00, aðrir hnapar mæta um 14:00 og sýning byrjar 14:30. Lengd fer eftir þátttöku. Nauðsynlegt að skrá bæði börn á krakkadag og fullorðna í sýningu! Áhugasömum er bent á facebook viðburð Vopnaskaks eða hafa samband við Gíslínu Skúladóttur í skilaboðum eða síma 845-8947.



16:00 Workshop með Berglaugu og Söru Rut – gamalt verður nýtt!

16:15 Fléttunámskeið með Hörpu Lind

Harpa sýnir áhugasömum flottar fléttur, blástur og notkun krullujárna. Aðgangseyrir 3500 og skráning hjá Hörpu í skilaboðum, á insta „hareftirhorpu“ eða í síma 893-8795.



18:30 Kótelettukvöld Hótel Tanga

Klassískar kótelettur í raspi og með því að hætti hótelsins. Verð kr. 3290 á mann og skráning hjá Árnýju og Gísla í síma 473-1203 eða 779-8415 til hádegis 7. júlí.



20:30 Hagyrðingakvöld í Miklagarði

Gísl Einarsson stjórnar fríðum flokki hagyrðinga, en þau Jóhannes Sigfússon, Friðrik Steingrímsson, Hrönn Jónsdóttir, Dagbjartur Dagbjartsson og Þórdís Sigurbjörnsdóttir hafa boðað komu sína. Húsið opnar 20:30 og hagyrðingar stíga á stökk um 21:00, miðaverð 3500 kr.



Föstudagur 8. júlí

10:00 Workshop með Berglaugu og Söru – Gamalt verður nýtt!

13:00-14:30 Dansnámskeið hjá Urði í félagsmiðstöðinni

13:00-16:30 Opið í bíla, bauka og smámunasafnið á Svínabökkum

Jóhann Marvínsson hefur sankað að sér alls kyns dóti í gegnum tíðina. Loksins hefur hann raðað upp þannig að hægt sé að skoða. Þetta eru hlutir sem tengjast bílum, vinnuvélum og ökutækjum á einhvern hátt ásamt fleiri áhugaverðum hlutum. Enginn aðgangseyrir en frjáls framlög vel þegin.

15:30 – 17:30 Opið hús hjá Bílum og Vélum

Bílar og vélar bjóða gestum og gangandi í heimsókn á verkstæðið. Boðið verður uppá veitingar og drykki, fyrir börn og fullorðina, m.a Kalda bjór. Rúnar Eff spilar og syngur fyrir gesti.

17:30 Samkoma í miðbænum

Danssýning frá Valkyrju Danslistaskóla og afrakstur workshopsins hennar Berglaugar til sýnis. Vindfiskar, útilistaverk sem Baldur Hallgríms og Sigrún Lára unnu með nemendum úr 8.-10. bekk verða til sýnis við töftir gamla bakarísins. Opið verður fyrir áhugasama á sýninguna Smáheima og í Vesturfarann. Handverkssalan verður opin og Anný verður opin. Dorgveiðikeppni Hótel Tanga, markaðstorg, uppboð á munum úr Hirðíflunum, hoppukastalar í boði Brims, kjötsúpa í boði Sláturfélagsins og Kauptúns og Kauptún býður einnig upp á köku, kaffi og djús á meðan birgðir endast! Gos í boði Ölgerðarinnar á svæðinu á meðan birgðir endast.

18:30 – 19:15 Dorgveiðikeppni Hótel Tanga

Á meðan fjörið er í miðbænum verður einnig Dorgveiðikeppni Hótel Tanga, en hún verður á gömlu Kaupfélagsbryggjunni. Öllum velkomið að taka þátt! Mætið tímanlega og endilega mæta í björgunarvestum ef þið eigið.

20:30 Sóli Hólm í Miklagarði

Hinn eini sanni Sóli Hólm mætir með sýninguna sína Loksins eftirhermur! Aðgangseyrir 4500kr, selt við hurð og í forsölu.



Laugardagur 9. júlí

11:00 Sjósund í Sandvík

Allir í sjóinn – bæði reyndir og óreyndir. Reyndir aðilar verða á staðnum og geta aðstoðað nýliða. Hugguleg byrjun á deginum.



12:30 – 14:00 Furðufatahlaup og vatnsrennibraut!

Það er löngu orðin órjúfanleg hefð á Vopnaskaki að skella sér í furðufötin, taka smá göngu og renna sér svo niður sápurennibrautirnar fulla ferð áfram! Hlaupið verður frá Miklagarði og rennibrautirnar verða í brekkunni milli Lónabrautar og Fagrahjalla.

13:00-16:30 Opið í bíla, bauka og smámunasafnið á Svínabökkum



15:00 Grill og upphitunarleikur uppi á íþróttasvæði

Einherji selur grillaða hamborgara og iðkendur keppa upphitunarleik gegn foreldrum sínum.

16:00 Einherji – Máni, Vopnafjarðarvelli.

Mfl. Karla hjá Einherja mætir Mána frá Hornafirði á Vopnafjarðarvelli. Mætum og hvetjum strákana. Aðgangseyrir 1700kr.




19:00 – 20:30 Mini Hofsbali í Staðarholti og grill í boði Six River Project!

Fjölskyldutónleikar og grill í Staðarholti. Hljómsveit Jóns Hilmars ásamt Stebba Jak spilar og Six Rivers Project býður upp á grillað kjöt og sykurlúða.

23:00 – 03:00 Hofsbali!

Hljómsveit Jóns Hilmars ásamt Stebba Jak og Stefaníu Svavars spila á Hofsballi. 16 ára aldurstakmark. Miðaverð er 4500kr og eru allir hvattir til að kaupa miða í forsölu eða koma með lausafé sökum lélegs netsambands við Staðarholt. Sundleið verður með sætaferðir, auglýst síðar á facebook.





Sunnudagur 10. júlí

13:00 Helgistund við Hofskirkjugarð og leiðsögn með Jobba
Helgistund á Hofi. Stundin verður úti ef veður leyfir en annars færast hún inn í kirkju (mæting í kirkjugarðinn). Létt tónlist og fróðleikur. Jósep Jósefsson verður með leiðsögu og léttan göngutúr um svæðið að helgistund lokinni.



13:00-16:30 Opið í bíla, bauka og smámunasafnið á Svinabökkum

14:00-17:00 Safnadagurinn á Bustarfelli

Fjölskylduhátíð í sveitinni – safnið lifnar við. Fólk á öllum aldri leiðir saman hesta sína í gömlum verkhefðum og ýmiskonar góðgæti er á boðstólnum víðsvegar um bæinn. Aðgangseyrir 1000kr fyrir 13 ára og eldri, frítt fyrir 12 ára og yngri.

Kaffihlaðborð í Hjáleigunni á vegum kvenfélagsins Lindarinnar – Aðgangseyrir 2000kr fyrir 13 ára og eldri, 800kr fyrir 7-12 ára og frítt fyrir 6 ára og yngri. Komið endilega með lausafé því netsambandið getur verið lélegt.



Opið alla vikuna

Safnasafnið Glaðheimar

Safnasafnið Glaðheimar, safn hjá Ásbandsstöðum um Runólf Guðmundsson landpóst og verslunarmann frá Ásbrandsstöðum verður opið áhugasömum alla Vopnaskaksvikuna. Til að fá að kíkja í safnið þá látið þið bara ábúendur á bænum vita og þau leiðsegja.



Aðrar upplýsingar:

Forsala miða

Forsala miða á Hagyrðingakvöld, Sóla Hólm og Hofsboll verður í Félagsheimilinu Miklagarði á eftirfarandi tímum:

Mánudag 16:00-17:00

Þriðjudag 15:00-17:00

Miðvikudag 20:30-21:30

Þeir sem ekki komast á staðinn geta heyrt í Fanney Björk Friðriksdóttur annaðhvort í skilaboðum eða í síma 858-1076.

Skreytingar

Íbúar eru hvattir til að skreyta og hafa snyrtilegt í kringum sig. Ekkert þema er á skreytingunum í ár en þó er keppni á milli hverfa.

Styrktaraðilar

Kærar þakkir fá þeir fjölmörgu styrktaraðilar sem að dögnum koma með einum eða öðrum hætti. Í ár fá sérstakar þakkir Brim, Bílar og Vélar, Steiney, Mælifell, Six Rivers Project, Kaupún, Hótel Tangi, Sláturfélag Vopnfirðinga, Ölgarðin og öll þau félög sem halda og koma að viðburðum.

Veður og aðrir áhrifaþættir

Dagskráin gæti að sjálfsögðu tekið breytingum ef veður verður óhagstætt eða aðrir ófyrirséðir þættir hafa áhrif. Reynt verður eftir bestu getu að auglýsa breytingar tímanlega ef svo verður.

Frekari spurningar?

Nánari upplýsingar um viðburði er hægt að nálgast á facebook síðu Vopnaskaksins: www.facebook.com/vopnafjardardagar. Fanney Björk veitir einnig upplýsingar í síma 858-1076.